



Prestar, djáknar, organistar  
Formenn sóknarnefnda  
Útfararstjórar

Reykjavík 4. október 2020

Kæra samverkafólk!

Í ljósi hertra aðgerða stjórnvalda við heimsfaraldrinum, sem miðast við 20 manna samkomutakmörk, þurfum við enn á ný að laga starfsemi kirkjunnar að þeirri stöðu sem uppi er í samfélaginu.

Ég bið ykkur vinsamlegast að taka til greina eftirtalin atriði:

1. Guðsþjónustur á sunnudögum og öðrum helgidögum:
  - a. Opið helgihald fellur niður í október.
  - b. Samhliða hvet ég presta og starfsfólk til að huga að boðun fagnaðarerindisins í gegnum streymi eða með öðrum hætti á vettvangi prófastsdæmanna og/eða í samstarfi við aðra. Einnig hvet ég presta til að biðja fyrir söfnuðunum í kirkjum landsins.
2. Kóræfingar:
  - a. Kóræfingar falla niður í október.
  - b. Organistar og kórstjórar eru hvattir til að halda uppi starfsemi, eins og kostur er, í gegnum fjarfundarbúnað.
3. Útfarir:
  - a. 50 manna fjöldatakmörkun er í gildi í útförum.
  - b. Ekki verður sett á vaktafyrirkomulag vegna útfara, að svo stöddu.
  - c. Allir prestar eru á útfararvakt, nema þeir sem eru í áhættuhópi þ.m.t. með undirliggjandi sjúkdóma eða fjölskyldumeðlimir þeirra. Þeir þurfa sjálfir að vísa frá sér athöfnum.
4. Athafnir, svo sem skírnir og hjónavígslur:

20 manna fjöldatakmörkun er í gildi við athafnir kirkjunnar, svo sem skírnarathafnir og hjónavígslur.
5. Barna- og æskulýðsstarfa:

Barna- og æskulýðsstarf barna sem fædd eru árið 2005 og síðar heldur áfram, að teknu tilliti til allra sóttvarnarreglna sem í gildi eru.
6. Eldri borgarastarf:
  - a. Eldri borgarastarf fellur niður í október.
  - b. Prestar og djáknar eru hvattir til að skipuleggja vandlega símavitjun og sálgæslu til eldri borgara.

- c. Prestar og djáknar eru beðin um að skrá sérstaklega hjá sér fjölda slíkra samtala og vitjana á tímabilinu.
- 7. Fermingarfræðsla:  
Fermingarfræðsla heldur áfram, að teknu tilliti til allra sóttvarnarreglna sem í gildi eru.
- 8. Fundir, ráðstefnur og þing:
  - a. Sé mögulegt að halda fyrirhugaða fundi, ráðstefnur og þing rafrænt, sé það gert.
  - b. Fyrirhugaðir fundir, ráðstefnur og þing, sem ekki fara fram á netinu, sé frestað, sé þess kostur.
- 9. Viðvera í safnaðarheimilum:  
Huga þarf að því að skipta starfsfólki í starfseiningar, þar sem það á við, t.d. vikulega.
- 10. Almenn brýning að halda sig heima:
  - a. Allt starfsfólk er hvatt til að fara ekki til vinnu komi upp einkenni veikinda.
  - b. Allt starfsfólk með undirliggjandi sjúkdóma hugi að sér og haldi sig heima.

Minnisblað sóttvarnalæknis má nálgast hér: <https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Heilbrigdisraduneytid/ymsar-skrar/Minnisblað%20sottvarnalæknis-%20ríkisstjórn%203.%20okt.pdf>

Orðið á við í dag og alla daga. Í 68. Davíðssálmi stendur: „Lofaður sé Drottinn er ber byrðar vorar dag eftir dag, Guð er hjálprað vort.“

Með bæn um blessun Guðs í lífi og þjónustu,



Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands.